

**Nd.**

**399. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin er öll sammála um það, að háskóla vorum beri fyrst og fremst að leggja svo mikla rækt við íslenskar bókmentir og íslenska tungu, og þá jafnframt við öll forn norræn fræði, að hann standi þar að minsta kosti jafnfætis hverjum öðrum háskóla, en þó helst feti framar. — Vjer höfum löngum hrósað oss af því að hafa allra þjóða best og lengst varðveitt tungu vora, og þess vegna er oss ekki vanvirðulaust að láta nokkurs ófreistað, sem oss er ekki um megn, til þess að háskóli vor geti með rjettu talist höfuðskóli þessara fræða.

Meiri hluti nefndarinnar telur fulla nauðsyn á því að stofna nú þegar þann kennarastól, er ræðir um í frumvarpi þessu, og það því fremur sem nú er vól á manni til þessa starfa, er gegnt hefir honum í nokkur undanfarin ár og getið sjer ágætan orðstír í þessari vísindagrein.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. — Leitað hefir verið umsagnar Sigurðar próf. Nordals um þetta mál. Hefir hann svar að brjeflega, og þykir oss rjett að birta brjef hans hjer með.

Alþingi, 27. apríl 1925.

Jörundur Brynjólfsson,  
form.

Björn Línadal,  
frsm. meiri hl.

Sigurj. Jónsson.

**Fylgiskjal.**

Háttvirtur formaður mentamálanefndar neðri deildar hefir leitað álits míns um stofnun dócentsembættis í íslenskri málfræði við heimspekisdeild Háskóla Íslands. Samkvæmt þeim tilmælum skal jeg leyfa mjer að gera grein fyrir nokkrum atriðum, er snerta þetta mál.

Náminu í íslenskum fræðum er skift í þrjár greinir, málfræði, bókmenta-sögu og sögu. Kys hver stúdent sjer eina þeirra fyrir aðalgrein og velur sjer kjörsvið innan hennar, sem ætlast er til, að hann kynni sjer út í æsar. Afnámsgreinum þessum mun bókmentasaga reynast víðáttumest, enda velja flestir nemendur sjer kjörsvið úr henni. En vitanlega verður hver stúdent að njóta mjög leiðsögu kennara síns um kjörsvið, fyrir utan allar kenslustundir. Ef einn kennari væri nú í sögu, en annar í málfræði og bókmentasögu, hlyti annaðtveggja að verða: að mjög hallaðist á um kenslu þá, er stúdentar nyti í hverri grein, eða kennarinn í málfræði og bókmentum yrði að beina mestöllum kröftum sínum að kenslunni, og hefði lítinn tíma aflögum til rannsókna sinna.

Nú verður að líta svo á, að íslenskudeild háskólans sje framar öllu stofnuð til þess að inna af hendi frumlegar rannsóknir, er síðan geti orðið grundvöllur þjóðlegrar mentunar. Er þar um svo mikið verkefni að ræða, þar sem er hin lítt kannaða saga þjóðar vorrar, tungu og bókmenta um síðustu fimm aldir, að seint mun þrjóta. Hefir þó þegar nokkuð áunnist, síðan háskólinn var stofnaður, og er eitt af nauðsynjamálum þjóðarinnar, að þeim rannsóknum miði sem best. En eitt af meginskilyrðum þess er hæfileg verkaskifting í deildinni, og er þá að öllu eðlilegast að skifta eftir námsgreinum og hafa kennara þrjá. Með því ætti að vera fengin trygging fyrir því, að stúdentar njóti kenslu í rjettum hlutföllum við þarfir sínar, en kennurum veitist kostur á að samrýma kenslu sína og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefi jeg, síðan jeg tók við starfi mínu við háskólann, jafnan verið þess hvetjandi, að sjerstakur kennarastóll væri settur í íslenskri málfræði, enda hefir dr. Alexander Jóhannesson í raun rjettri haft kensluna í íslenskri málfræði á hendi síðustu árin.

Þegar vísað hefir verið til þess, að slík verkaskifting hafi ekki verið í tíð próf. B. M. Ólsens, sjest mönnum yfir tvent. Á þeim árum (1911—17) voru engir fastir nemendur, er þjuggu sig undir próf í íslenskum fræðum. Og B. M. Ólsen var svo gamall maður, þegar hann tók við starfi sínu við háskólann, að hann sá sjer ekki til neins að byrja rannsóknir á hinum ókönnuðu sviðum síðari alda. Af starfsemi hans verður því lítið ráðið um núverandi þarfir deildarinnar.

Reykjavík, 17. apríl 1925.

Sigurður Nordal.

Til mentamálanefndar neðri deildar Alþingis.